

AUGLÝSING

um bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands.

1

16. jan.

Hinn 15. desember 1950 var undirrituð í Varsjá bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands á árinu 1951 í samræmi við samninga frá 18. nóvember 1949 um viðskipti og greiðslur milli Íslands og Póllands.

Samkvæmt bókun þessari er gert ráð fyrir, að Pólverjar kaupi af Íslendingum 50.000 tonnur af saltsild, 1000 smál. af meðalálýsi, 2000 smál. af frystri sild, 700 smál. af frystum þorskflökum og enn fremur gærur og brotajárn.

Frá Póllandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi 80.000 smál. af kolum, 1500 smál. af rúgmjöli, 1000 smál. af sykri og enn fremur járn og stál, vefnaðarvörur, zinkhvítu, sóða, salt, kartöflumjöl, trjávið, pappír, rúðugler og ýmsar aðrar vörur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. janúar 1951.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

2

24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „Samkvæmt tillögum“ í 1. gr. laganna komi: Að fengnum tillögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.